

Verkefni 2: Húsgagnabúðin hf.


Markmið

1. Notkun einfaldra reikniaðgerða
2. Útlitsmótun


Sláið inn textann á myndinni. Aftast í verkefninu má sjá verkefnið fullunnið.

	A	B	C	D	E	F	G
1	Húsgagnabúðin hf.						
2							
3	Vörur	Lager- byrjun	Innkaup	Sala	Verð	Verðmæti sölu	Lager- lok
4	Lampar	15	20	25	15000		
5	Stólar	25	30	40	25000		
6	Borð	8	25	20	70000		
7	Sófar	16	10	7	140000		
8	Hillur	35	10	25	35000		
9				Samtals			

1. Reiknið verðmæti sölu í reit **F4** með því að margfalda saman verð og sölu. Formúlan er **=D4*E4**. Afritið formúluna niður í reit **F8**.
2. Reiknið lagerstöðu í lok tímabils í reit **G4**. Formúlan er **=B4+C4-D4**. Afritið formúluna niður í reit **G8**.
3. Reiknið heildarverðmæti sölu í reit **F9**. Notið **Sumfallið**. Afritið yfir í reit **G9**.
4. Mótið texta með feitletrun (**Bold**) og skáletrun (**Italic**) þar sem við á. Letur í fyrirsögn er **Berlin Sans FB** og leturstærð er 14 punktar.
5. Sameinið reiti **A1:G1** með **Merge and Center** skipuninni.
6. Setjið jaðarlínur þar sem við á. Til þess er notaður jaðarlínuhnappurinn í Font flípanum.



Við hliðina á hnappnum kemur upp fellivalmyndin hér til hliðar en hún býður upp á fjölmarga möguleika.




Til að setja þykkar kassa utan um fyrirsögnina í reitum **A1:G1** þá ljómið þið fyrst reitina og smellið svo á **Thick Box Border**.

Til að setja línur undir reiti í línunum 3 og 8 þá ljómið þið reitina og veljið **Bottom Border**.

Til að fá öðruvísi jaðarlínur en boðið er upp á í listanum er hægt að nota **Draw Border** og einnig **More Borders** skipanirnar.

7. Texti settur í tvær línur. Þar sem textinn í línu 3 er lengri en svo að hann rúmist í reitunum er hægt að skipta textanum í tvær línur. Þetta er gert með skipuninni **Wrap text**. Notið skipunina fyrir reiti **A3:G3**.



Byrjið á að stækka línu 3 með því að fara með músarbendilinn milli línu 3 og 4 á gráa svæðinu lengst til vinstri á skjánum. Haldið vinstri músarhnapp niðri og dragið niður. Hafið línuna 30 í height (40 punktar).

	A	B	C	D	E	F	G
1	Húsgagnabúðin hf.						
2							
3	Vörur	Lager- byrjun	Innkaup	Sala	Verð	Verðmæti sölu	Lager- lok
4	<i>Lampar</i>	15	20	25	15000	375000	10
5	<i>Stólar</i>	25	30	40	25000	1000000	15
6	<i>Borð</i>	8	25	20	70000	1400000	13
7	<i>Sófar</i>	16	10	7	140000	980000	19
8	<i>Hillur</i>	35	10	25	35000	875000	20
9					Samtals	4630000	77